

1871.

28. nóvbr.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtíð það, að stjórnarráðið eptir atvikum leyfir, að eins árs landskuld og leiga verði gefin leiguliðanum upp, eins og þér hafið stungið uppá.

28. nóvbr.

103. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lækkun á jarðarafgjaldi.

Með bréfi, dagsettu 7. septbrm. p. á., hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað skoðunargjörð um tjón það, sem jarðirnar Rofabær, Nýibær, Eystri-Lyngar og Krókur eða Syðri-Fljót hafa bedíð af sandfoki, og samkvæmt tilmælum hlutaðeiganda umboðsmanns farið þess á leit, að leiguliðunum á tæðum jörðum verði veitt sú linun í jarðarafgjaldinu, sem hér skal greind:

1. Landsetunum á Rofabæ, Einari Einarssyni og Ólafi Ólafssyni veitist hvorjum um sig linun um 6 áln., samtals 12 áln., um 2 ár, talin eins og landskuldin eptir meðalverði verðlagsskrárinnar á ull, smjöri og tólg.

2. Landsetanum á Nýjabæ, Sverri Magnússyni, linun um 20 áln., um 2 ár, þannig, að hver alín af öðrum helmingnum sè talin 8 sk. virði, en af hinum hvert álnarvirði talið eptir meðalverði verðlagsskrárinnar á ull, smjöri og tólg.

3. Landsetanum á Eystri-Lyngum, Ólafi Sveinssyni, linun um 20 áln., sömuleiðis um 2 ár, þannig að hver alín af öðrum helmingnum sè talin 8 sk. virði, en af hinum helmingnum hvert álnarvirði eptir meðalverði allra meðalverða.

4. Landsetanum á Króki, Þórunni Jónsdóttur, veitist 18 áln. linun í eitt skipti fyrir öll, og talin eins og linun sú, sem er veitt Ólafi Sveinssyni.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtíð það, að stjórnarráðið eptir atvikum leyfir, að tæðum leiguliðum sè veitt sú lækkun í jarðarafgjaldinu, sem stungið hefir verið uppá.